

Umhverfisstofnun
Dagbjört Jónsdóttir
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Garðabær, 11. september 2024
Málsnúmer: 202409-0004
IAS

Efni: Kálfastrandarvogur. Göngustígur og áningarstaðir.

Vísað er í erindi frá Umhverfisstofnun, dagsettu 2. september 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar Umhverfisstofnunar við Strípa við Ytrivoga í landi Kálfastrandar.

Um er að ræða lagfæringu á stígum og útsýnissvæðum sem fyrir eru með það að markmiði að bæta ásýnd og aðgengi svæðisins, stýra umferð sem og vernda gróður og vatnsbakkann. Fyrir liggur leyfi landeigenda (Þingeyjarsveit), samþykkt deiliskipulag og framkvæmdarleyfi. Fjármagn kemur af Landsáætlun til verkefnisins sem var samþykkt á árinu 2024 og áætlað er að hefja framkvæmdir nú í haust.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér fyrirhugaðar framkvæmdir og kemur með eftirfarandi ábendingar. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er ofur viðkvæmt hvað varðar jarðfræði, líffræði og landslag. Nú þegar hafa myndast slóðir á svæðinu og því er þörf á grípa til aðgerða, annað hvort loka svæðinu eða stýra umferð. Mikilvægt er vegna viðkvæmni svæðisins að vandað verði einstaklega vel til verka og þess gætt að rask verði ekkert utan stígsins. Einnig þyrfti að loknum framkvæmdum að koma fram á upplýsingaskiltum að umferð sé ekki leyfð utan stígsins svo ekki verði frekara rask á gróðri og jarðmyndunum.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

